

Ágætu foreldrar og starfsfólk í Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla

Stýrihópur um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla hélt fimmta fund sinn í Húsaskóla 9. nóvember..

Á þessum fundi var drögum að verkefnalista dreift til fulltrúanna síðan var unnið í smærri hópum að því að forgangsraða verkefnum og ákveða hver bæri ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig. Hver hópur kynnti svo sínar niðurstöður og endanleg forgangs röðun var ákveðin.

Niðurstaða þessa fundar er grunnur í verk- og tímaáætlun hópsins sem er í lokavinnslu og mun verða sett á netið eftir næsta fund hópsins.

Áætluninni verður skipt í þrjá hluta:

- verkefni sem nauðsynlegt er að vinna strax, sum eru þegar farin af stað
- verkefni sem þarf að vinna strax eftir áramót og fram á vor og
- verkefni sem verður að vinna fyrir næsta haust.

Starfsmenn skóla- og frístundasviðs hafa hitt skólastjórana til að ræða ýmis mál vegna breytinganna svo sem fjármál. Mannauðsþjónusta sviðsins hefur fundað með starfsmönnum.

Eins og áður hefur komið fram eru í hópnum skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) Reykjavíkurborgar.

Ég vil ítreka að öllum er frjálst að koma á framfæri efni til umræðu og hægt er að hafa samband við fulltrúa í hópnum.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir